

Forsætisnefnd

### ***Uppfærðar reglur um starfs- og stýrihópa***

Reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa voru fyrst samþykktar þann 13. mars 2015 og gilda þær um hópa sem skipaðir eru til að vinna verkefni sem eru skilgreind skv. erindisbréfi og starfa í afmarkaðan tíma. Reglurnar gilda jafnt um hópa sem eru skipaðir kjörnum fulltrúum og um hópa skipuðum starfsmönnum.

Frá því að reglurnar tóku gildi hefur reynslan sýnt að þær megi betrumbæta. Hjálögð eru drög að uppfærðum reglum um starfs- og stýrihópa sem óskað er eftir að forsætisnefnd samþykki.

Helstu breytingar frá gildandi reglum eru eftirfarandi:

- Í 2. gr. er hlutverk og skipan starfs- og stýrihópa nánar útfært.
- Í 5. gr. um tilnefningar hefur verið bætt við málsgrein um hlutfall kynja í starfs- og stýrihópum.
- 6. gr. um greiðslur er bætt við reglurnar og er þar tilgreint í hvaða tilvikum heimilt er að greiða þóknun fyrir setu í starfs- og stýrihópum.
- Í 7. gr., áður 6. gr., um vinnu og verkaskiptingu í hópastarfi hefur verið bætt við málsgrein um að starfs- og stýrihópar vinni skv. aðferðum verkefnastjórnunar eftir því sem við á og málsgrein um samráð við hagsmunaaðila.
- 8. gr. er bætt við reglurnar og er þar fjallað um form skila til ábyrgðarmanns.
- 9. gr. er bætt við reglurnar og er þar fjallað um birtingu skýrslna starfs- og stýrihópa og eftirfylgni við samþykktar tillögur þeirra.

Svavar Jósefsson  
verkefnastjóri verkefnastofu

Hjálagt:

Drög að uppfærðum reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa.

Reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa dags.13. mars 2015.